



Félag háskólakennara

11. fundur stjórnar 2015/2016 haldinn miðvikudaginn 10. febrúar 2016, kl. 12.00, í Bændahöllinni.

Fundinn sátu: Jörundur Guðmundsson, Baldvin Zarióh, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Michael Dal, Berglind Rós Magnúsdóttir, Helgi Áss Gréтарsson og Ármann Höskuldsson ásamt Helgu Birnu Ingimundardóttur, framkvæmdastjóra félagsins. Baldvin Zarióh ritaði fundargerð.

Fyrir fundinn lá eftirfarandi dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara dags 13. janúar 2016, meðfylgjandi. Útgáfa til birtingar á heimasíðu
2. Erindi frá úttektarhópi á vinnumati opinberra háskóla, dags. 7. janúar 2016, meðfylgjandi
3. Viðhorfskönnun Félags háskólakennara 2016
4. Norrænn fundur á Íslandi, 30. maí – 1. júní 2016
5. Hækkun stjórnargreiðslna dags. 1. febrúar. 2016
6. Önnur mál.

1. Fundargerð frá 13. janúar 2016.

Fundargerð samþykkt og til birtingar á heimasíðu félagsins.

2. Erindi frá úttektarhópi á vinnumati opinberra háskóla, dags. 7. janúar 2016,.

Lögð fram drög að svari ásamt því að Berglind lagði fram drög að svörum fyrir spurningar 5 og 6. Rætt var um að finna þurflí leið til að meta góða kennslu. Nám á sviði kennslufræða er illa metið og hvatinn lítill til að taka þannig nám. Meta þarf til stiga úthlutanir úr sjóðum tengdum kennslu. t.a.m. úr Nýsköpunarsjóði námsmanna. Leiðbeining meistaranema er illa metin til vinnustunda, sérstaklega ef miðað er við mat í öðrum ríkisháskólum.

Fundarmenn sammála um að erfitt sé að búa til mælikvarða fyrir kennslu, hvati til að gera vel í kennslu er ekki til staðar í matskerfinu. Varðandi mat á áhrifum, þá þarf að aðlaga mat að mismunandi hefðum milli fræðasviða. Þá þarf að taka aukið tillit til þess hverjir koma að ritrýningu íslenskra tímarita. Finna þarf leið til að meta áhrif efnis sem gefið er út innanlands á íslenskt samfélag.

ÁH leggur til að HÍ gefi út eitt ritrýnt tímarit þvert á fræðasvið.

Umræða um hverja spurningu fyrir sig:

Spurning 1: Það er áhyggiuefni hversu erfitt er fyrir viss fræðasvið að rjúfa 10 stiga grunninn fyrir birtar greinar.

Spurning 2: Finna þarf leiðir til að jafna út mat á áhrifum milli fræðasviða.

Spurning 3: Það þarf að endurskoða í ljósi þess að verið er að hvetja fólk til að starfa í stjórnun og rannsóknarhópum. Lítið fæst fyrir fjölhöfundagreinar.

Spurning 4: Sumar fræðigreinar eru í eðli sínu þannig að fá greinar eru birtar. Taka þarf tillit til þess. Taka þarf t.a.m. aukið tillit til þess sem stunda langtímarannsóknir.

Spurning 5 og 6. Sjá fyrri umræðu.

3. Viðhorfskönnun Félags háskólakennara 2016.

Um 30% félagsmanna eru búnir að svara viðhorfskönnuninni, en henni lýkur á föstudaginn nk. Send verður ein áminning til viðbótar til þeirra sem eftir eiga að svara áður en könnuninni lýkur, en tvær áminningar hafa nú þegar verið sendar.

4. Norrænn fundur á Íslandi, 30. maí – 1. júní 2016.

Lagt var til að Michael Dal verði tengiliður stjórnar vegna norræns fundar á Íslandi 30. maí til 1. júní. Samþykkt. Þá voru lögð fram drög að umræðuefni á fundinum. Hægt er að bæta við tillögum og voru stjórnarmenn beðnir um að íhuga fundarefni.

5. Hækkun stjórnargreiðslna dags. 1. febrúar. 2016.

Lögð var fram tillaga um að hækka stjórnargreiðslur í samræmi við nýgerða samninga. Samþykkt.

6. Önnur mál.

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að nýrri vefsíðu félagsins.

Kynntar voru fyrirhugaðar breytingar á félagsgjöldum BHM. Frá 1. júlí nk. munu greiðslur til BHM verða hlutfall af heildarlaunum í stað þess að þær séu hlutfall af dagvinnulaunum. Huga þarf að því hvort breyta þurfi samsetningu félagsgjalda í Fh sökum þess.

Samþykkt var að kaupa fartölvu fyrir framkvæmdastjóra.

Samþykkt var að Baldvin Zarioh muni sitja fundi Samráðsnefndar um kjaramál og fundi formannanefndar BHM á meðan formaður félagsins er í námsleyfi.

Huga þarf að skipulagningu Starfsþróunarsjóðs, sem samið um í síðustu kjarasamningum, en von er á fyrstu greiðslu í sjóðinn þann 1. júní nk.

Fundi lauk kl. 13:50.

Næsti fundur óákveðinn.